

Nr. 21-023 S 014 Steinunn BA 517***Bilað stýri og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2766
Smíðaður: Trefjar, 2007, trefjaplast.
Útgerð: Grábrók ehf.
Stærð: 14,96 BT.
Mesta lengd: 13,04 m Skráð lengd: 11,35 m
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,40 m
Vél: Yanmar, 368 kw, 2019.
Fjöldi skipverja: 4



Steinunn © Þór Jónsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. mars 2021 var Steinunn BA 517 á línuveiðum 23 sjómílur frá Sandgerði. Veður: SA 2-4 m/s.

Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga og tilkynnti að stýrið væri bilað á bátnum og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Hannes Þ Hafstein aðstoðaði Steinunni til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að stýrisblaðið festist í öðru borðinu og ekki hægt að handstýra bátnum;
- að verið var að skipta um sjálfstýringu í bátnum og var það gert í áföngum;
- að bilun var í rafstýringu (relay) í stjórnboxi fyrir stýrið;
- að skipt var um stjórnboxið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.